

**Afgreiðslur byggingarfulltrúa 17 - 66. fundur  
haldinn að Laugarvatni, 3. nóvember 2017  
og hófst hann kl. 13:00**

**Fundinn sátu:**

Rúnar Guðmundsson, Byggingarfulltrúi, Stefán Short, Aðstoðarmaður byggingarfulltrúa og Guðmundur Þórisson, Áheyrnarfulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Rúnar Guðmundsson, byggingarfulltrúi

**Dagskrá:**

**Ásahreppur:**

**1. Hellatún lóð: Umsókn um byggingarleyfi: Parhús - breyting - 1710054**

Sótt er um leyfi til að gera breytingar innanhúss

*Samþykkt.*

**2. Hrutur 2: Umsókn um byggingarleyfi: Íbúðarhús og gróðurhús - 1706015**

Sótt er um leyfi til að byggja sumarhús að hluta til úr gámum 160,8 ferm og gróðurhús 23,9 ferm

*Umsókn um byggingarleyfi er hafnað, Húsið uppfyllir ekki kröfur byggingarreglugerðar 112/2012, um hliðarfærslur og einangrunargildi byggingarhluta.*

**Grímsnes- og Grafningshreppur:**

**3. Hallkelshólar lóð 105: Tilkynningarskyld framkvæmd: Sumarhús - viðbygging - 1709031**

Tilkynnt er stækkun á sumarhúsi, 30 ferm. úr timbri. Heildarstærð verður 52,6 ferm.

*Samþykkt.*

**4. Lækjarbrekka 18: Umsókn um byggingarleyfi: Sumarhús og geymsla - 1711002**

Sótt er um leyfi til að byggja sumarhús 41,7 fm<sup>2</sup> og 115,5 m<sup>3</sup> og geymslu 24,8 fm og 58,8 m<sup>3</sup> úr timbri

*Byggingaráform eru samþykkt, þau uppfylla ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð 112/2012. Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð 112/2012.*

**5. Skyggisbraut 32: Stöðuleyfi: Gámur - 1710060**

Sótt er um stöðuleyfi fyrir 20 feta gám meðan verið er að byggja sumarhús á lóð.

*Samþykkt að veita stöðuleyfi til 3.11.2018*

**Skeiða- og Gnúpverjahreppur:**

**6. Vesturkot: Umsókn um byggingarleyfi: Starfsmannahús - 1710059**

Sótt er um leyfi til að byggja starfsmannahús

*Samþykkt.*

**7. Vorsabær 1 lóð: Tilkynningarskyld framkvæmd: Gestahús - 1710026**

Tilkynnt er bygging gestahús á Vorsabæ 1 lóð 18,6 fm<sup>2</sup> og 43,4 m<sup>3</sup> úr timbri.

*Samþykkt*

**8. Steinsholt 2 lóð: Umsókn um byggingarleyfi: Íbúðarhús - breyting - 1709116**

Sótt er um leyfi til að breyta notkun á ris- og miðhæð. Eftir breytingu er um að ræða minna gistiheimili á miðhæð skv. reglugerð 1277/2016 og íbúð í risi

*Samþykkt.*

**Bláskógabyggð:**

**9. Miðhús 3: Umsókn um byggingarleyfi: Íbúðarhús viðbygging og breyting auk bygging bílgeymslu - 1710001**

Sótt er um leyfi til að byggja við íbúðarhús og breyta innanahúss auk byggja bílgeymslu.

*Byggingaráform eru samþykkt, þau uppfylla ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð 112/2012. Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð 112/2012.*

**10. Mjóanes lóð 7: Umsókn um byggingarleyfi: Sumarhús og geymsla - 1710056**

Sótt er um leyfi til að byggja sumarhús 60 fm<sup>2</sup> og 282,1 m<sup>3</sup> og geymslu 29,6 fm<sup>2</sup> og 148,1 m<sup>3</sup> úr timbri. Eldri mannvirki á landnúmeri verða rifin sem er skv. Þjóðskrá Íslands sumarhús mhl 01 og mhl 02 sem er smt. 33,9 fm<sup>2</sup> og bátaskúr 28,2 fm, öll hús eru skráð með bygg.ár 1960.

*Umsókninni er synjað.*

*Í kafla 3.3 í greinargerð gildandi deiliskipulags fyrir svæðið kemur fram að á lóð 7 sé hámark byggingarflatar 60 fm. Er umsóknin því í ósamræmi við deiliskipulagið þar sem samanlagt byggingarmagn er tæplega 90 fm.*

**11. Sólbraut 5: Umsókn um byggingarleyfi: Gróðurhús - viðbygging - 1710028**

Sótt er um leyfi til að byggja við gróðurhús 478 fm<sup>2</sup> og 2.287,2 m<sup>3</sup>. Veggir verða úr þreföldu plasti

*Samþykkt.*

**12. Sólvellir 4: Umsókn um byggingarleyfi: Sumarhús og gestahús - 1510043**

Erindi fékk samþykkt byggingaráform 19. júní 2014 fyrir sumarhús 98,6 fm<sup>2</sup> og gestahús 30 fm<sup>2</sup> en nú er sótt um óverulega breytingu á sumarhúsi

*Samþykkt.*

**Flóahreppur:**

**13. Sandbakki: Umsókn um byggingarleyfi: Íbúðarhús - 1710039**

Erindið tók breytingu á milli afgreiðslufunda byggingarfulltrúa. Nú er sótt um leyfi til að byggja íbúðarhús á tveimur hæðum 108,5 fm<sup>2</sup> og 245,6 m<sup>3</sup> úr timbri ekki frístundahús. Bókun skipulagsnefndar á fundi 27/10 2017 er ekki gerð athugasemd við það og vísar erindinu til afgreiðslu hjá byggingarfulltrúa

*Byggingaráform eru samþykkt, þau uppfylla ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð 112/2012. Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð 112/2012.*

**14. Volatún: Stöðuleyfi: Gámar - 1709012**

*Samþykkt að veita stöðuleyfi fyrir 20 feta gámum til 1. júní 2018.*

**15. Hnaus land 2: Umsókn um byggingarleyfi: Skemma - 1710061**

Sótt er um leyfi til að byggja skemmu

*Samþykkt.*

**16. Lynghæð: Stöðuleyfi: Gámur - 1711001**

Sótt er um stöðuleyfi fyrir 20 feta gám vegna byggingaframkvæmda

*Samþykkt að veita stöðuleyfi til 1. júlí 2018.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 16:30**



*Stefnir Smei*